

menning

menning@bladid.net

Háhælaðir skór voru fundnir upp af konu sem fékk koss á ennið.
Christopher Morley



Afmælisbörn dagsins
MAHATMA GANDHI STJÓRN MÁLAMÁÐUR, 1869
WALLACE STEVENS SKÁLD, 1879

Nýtt á náttborðið

Á dögnum kom út hjá Máli og menningu Stutt ágrip af sögu traktorsins á úkraínsku eftir Marinu Lewycka. Þar segir frá föður systuranna Veru og Nadezhu, sem nýlega er orðinn ekill. Þegar hann tilkynnir dætrum sínum að hann hyggist giftast aftur verður þeim ljóst að þær verða að leggja til hliðar ævilangt hatur sitt hvor á annari til þess að bjarga honum. Nýja ástin hans er nautnasjúk ljóska með stór brjóst sem svífst einskis í þrá sinni eftir vestrænum lúxuslífnaði sem hún sér í hill-ingum. En gamli maðurinn á sér líka sína drauma, auk þess sem hann þarf að halda áfram að skrifa sögu traktorsins í Úkraínu. Bókin sló rækilega í gegn í Bretlandi þegar hún kom út.



Margrét Tryggvadóttir, handhafi íslensku barnabókaverðlaunanna 2006

Treystum myndmálinu

Einu sinni fyrir langa löngu í fjarlægu ríki fæddist lítil stúlka. Hún var engin venjuleg stúlka, því mamma hennar var drottning og pabbi hennar konungur og því var hún sjálf prinsessa.

Svona hefst bókinn Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar eftir Margréti Tryggvadóttur en sagan hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin á dögnum. Sagan ætti að geta kætt unga sem aldna enda er samspil mynda og texta alveg einstaklega vel heppnað og er ekki í kot vísað þegar kemur að teikningum en Halldór Baldursson myndskreytir af sinni alkunnu sníll.



Margréti Tryggvadóttur
Bláðið/Friki

Skýr boðskapur

Margrét er bókmenntafræðingur að mennt og hún hefur einkum einbeitt sér að barnabókmenntum. Alla jafna starfar hún við myndritstjórn og hefur því mikið velt fyrir sér myndanotkun í bókmenntum almennt. „Mér hefur lengi fundist alltof mikil áhersla á texta í barnabókum og ég tel að barnabókahöfundar almennt vantreysti mynd-

málinu. Það er í raun kveikjan að bókinni okkar Halldórs, að búa til bók fyrir börn þar sem nauðsynlegt er að lesa myndirnar til þess að fá almennilega sögu,“ segir Margrét og bætir við að henni hafi mjög fljótlega dottið í hug að fá Halldór Baldursson í lið með sér. „Ég þekkti Halldór ekki mikið en hann var sá fyrsti sem kom upp í hugann og eftir að hafa ráðfært mig við aðra teiknara þá fannst mér ekkert annað koma til greina en að fá hann með mér í þetta verkefni enda er hann svo frumlegur og skemmtilegur listamaður.“

Oft er talað um að barnabækur skuli hafa einhvern sérstakan boðskap að færa óhörönuðum sálum og telur Margrét boðskap Sögunnar af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar vera skýran þó hann sé vandlega falinn. „Boðskapurinn er í raun sá að við eigum ekki að trúá öllu sem okkur er sagt og öllu sem við heyrum. Við þurfum sjálf að lesa í umhverfi okkar, treysta eigin dómgreind og draga þannig ályktanir. Ég og Halldór erum einnig að gera svölítið grín að þessari „séð og heyrt-meningu“ sem er svo ríkjandi í dag. Á síðum blaðanna eru búnir til prins-

ar og prinsessur sem eiga að vera miklu merkilegri en við hin og lifa svo hamingjusömu lífi. Raunin er svo oftast en ekki allt önnur.“

Þó boðskapurinn sé til staðar þá segir Margrét að lestur bókarinnar eigi fyrst og fremst að færa börnum og fullorðnum skemmtilegar stundir. „Barnabækur missa alltaf marks ef þær eru ekki skemmtilegar þó boðskapurinn sé góður, því börn lesa ekki af skyldurækninni einni saman.“ Margir barnabókahöfundar hafa látið þau orð falla að bækurnar séu ekki góðar nema fullorðnir hafi gaman af þeim líka og segist Margrét að nokkru leyti geta tekið undir það. „Bækur sem bara krakkar hafa gaman af eru kannski ekki sérlega krefjandi og þroska þau ekki eins og bækur sem höfða einnig að einhverju leyti til fullorðinna.“

Allir verða að njóta lestsins

Margrét skrifaði BA-ritgerð sína í bókmenntafræði um myndabækur svo hún hefur heilmikið velt myndanotkun fyrir sér. „Flestar myndabækur eru gerðar fyrir ólæs börn sem þýðir að það er yfirleitt alltaf einhver fullorðinn með í för þegar bókin er lesin. Ef hinum fullorðna leiðist þá er bókin aðeins lesin einu



sinni og þessi sameiginlega stund foreldris og barns verður ekki eins skemmtileg og hún gæti verið ef báðir aðilar njóta lestsins. Því verður bókin helst að höfða á einhvern hátt til fullorðinna.“

Margrét hefur áður sent frá sér bókina Skoðum myndlist sem kom út á þessu ári og segir hún hugmyndina að láta mata sig alltaf á sama myndefninu heldur eigum við að hvetja þau til að hugsa sjálfstætt og túlka á sinn hátt.“

hilma@bladid.net

Salatvika
Zinger salat & Kristall
KFC
kr. 599

Bilamarkaðurinn
Smíðarvegi 46 E • Kópavogi

VEGNA GÓÐRAR SÖLU, HÖFUM VIÐ PLÁSS FYRIR NOKKRA NÝLEGA BÍLA Á SVÆÐI OG Í SAL

Bíll vikunnar

NISSAN PATROL SE+ 35" 7 manna 03/99, Ek.197þ.km Tilboð 1800,- Lán 1530,-, **Þúnaður & lýsing:** Leðursæti með rafmagni og hita, glertoppluga, tölvukubbur, 35" góð dekk & álfelgur, dráttarkúla, raftengi fyrir spil, upptekinn girkassi. Góður Jeppi.

FJÖLDI AF NÝJUM OG NÝLEGUM BÍLUM Á SKRÁ, YFIR 1100 UPPFÆRÐAR SKRÁNINGAR Á - bilamarkadurinn.is - HELLINGUR AF MYNDUM

www.bilamarkadurinn.is s: 567-1800

menningarmolinn

Charlie Brown kemur fram á sjónarsviðið

Þennan dag árið 1950 birtist teiknimyndasagan Peanuts, eða Smáfólkið eins og sagan nefnist upp á íslensku, í fyrsta sinn á prenti í heimalandi sínu, Bandaríkjunum. Kalli Bjarna og félagar náðu fljótlega að heilla lesendur upp úr skónum og urðu þeir kærkomnir gestir á heimilum um allan heim. Þegar best lét birtist Smáfólkið í 2.600 dagblöðum í 75 löndum og mátti finna söguna í dagblöðum allt þar til höfundurinn, Charlie Schulz, lést úr hjartaáfalli árið 2000. Fyrirmynd Schulz að Kalla Bjarna var samstarfsmaður hans meðan hann kenndi teikningu í listaskólum. En margt var þó líkt með aðalper-

sónunni og Schultz sjálfum. Til dæmis var Schultz sjálfur feiminn og óframfærinn líkt og Kalli og faðir hans var rakari og móðir hans heima-vinnandi húsmóðir eins og foreldrar Kalla Bjarna. Smáfólkið er án efa ein áhrifamesta teiknimyndasaga tuttugustu aldarinnar og hafa þessir ljúflingar kallað fram ótal bros yfir morgunkaffinu í gegnum tíðina.

